

# Lífsleikni, samfélags- og náttúrugreinar 3. bekkur

Kennarar: Eyleif Þóra Heimisdóttir; Sandra Mjöll Andrésdóttir

3

Skólaárið

2023 - 2024

## Helstu námsþættir vetrarins

Í samfélags- og náttúrufræði er lögð áhersla á þemanám og að nemendur taki virkan þátt í undirbúningi viðfangsefna. Áhersla er á að samþætta allar námsgreinar með sérstakri áherslu á íslensku m.a. samlestur, gagnvirkur lestur og lesskilning. Kennsluhættir miðast við einstaklings- og hópavinnu, umræður, frásagnir, myndvinnu, ritun, samvinnu og vettvangsferðir/útikennslu.

Í Lífsleikni er unnið með hugmyndafræðina "Uppeldi til ábyrgðar", "Vaxandi hugarfarar" og "Verkfærakistu KVAN. Unnið er með jákvæðan bekkjaranda, hlutverk nemenda og annarra, þarfirnar og bekkjarsáttmáli gerður. Bekkjarfundir eru haldnir vikulega þar sem nemendur ræða leiðir í samskiptum. Unnið er með vináttuverkefni Barnaheilla.

## Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Ágúst - september : " Uppeldi til ábyrgðar" unnið með þarfir og gildi. Nemendur og kennari vinna saman að gerð bekkjarsáttmála.

Október - nóvember : Landnám Íslands

Desember - janúar : Trúarbragðafræði

Febrúar - apríl : Himingeimurinn

Mars - maí : Fuglar á Álftanesi og Margæsardagur.

Bekkjjarfundir vikulega og oftast eftir þörfum þar sem unnið er eftir Uppeldi til ábyrgðar, KVAN og Vináttuverkefni Barnaheilla.

## Námsaðlögun

Námsefni er aðlagð að hverjum og einum nemanda. Lögð er áhersla á að vinna að sambærilegum markmiðum á ólíkan hátt þar sem allir nemendur fá verkefni við hæfi.

## Námsmat

Nemendur gera sjálfsmat/jafningjamat á eigin frammistöðu með tilliti til áhuga, virkni og samvinnu.

Kennaramat: Kennarar meta vinnu nemenda með tilliti til áhuga, virkni og samvinnu. Í kennslustundum fer jafnframt fram leiðsagnarmat kennara.

Á bekkjarfundum fer fram jafningjamat um samskipti.

## Námsgögn

Komdu og skoðu landnámið. Landnámssýningin Reykjavík í Aðalstræti. Ítarefni: www.nams.is. Einn dagur þúsund ár, sagan af Snorra og Eddu eftir Elínu Elísabetu Jóhannsdóttur.

Komdu og skoðu himingeiminn. Ýmsir vefir og smáforrit.

Trúarbrögðin okkar.

Fuglavefurinn. Ýmsar fuglabækur af bókasafni. Ýmsir vefir og smáforrit.

Fjölbreytt efni tengt Uppeldi til ábyrgðar, Vaxandi hugafars og Verkferakistu KVAN.

## VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

---

### AS Náttúrugreinar 3. bekkur 2019 - 2024 - Geta til aðgerða

- gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægrar umgengni

### AS Náttúrugreinar 3. bekkur 2019 - 2024 - Vinnbrögð og færni

- Áttað sig á þeim náttúruhamförum sem gætu steðjað að nærumhverfinu

### AS Náttúrugreinar 3. bekkur 2019 - 2024 - Að búa á jörðinni

- lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks

### AS Samfélagsgreinar 3. bekkur 2019 - 2024 - Reynsluheimur

- borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi
- áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra
- áttað sig á að jörðin er hluti af stærri heild
- unnið með aldursamsvarandi hugtök tengd samfélags og náttúrufræðivísindum. Áttað sig á hvernig nærumhverfið er samsett með tilliti til náttúru, sögu og samfélagslegra gilda þessu tengt

### AS Samfélagsgreinar 3. bekkur 2019 - 2024 - Félagsheimur

- útskýrt fimm grunnþarfir Uppeldis til ábyrgðar á einfaldan hátt og tekið þátt í vinnu að sáttmála um samskipti